

N Á T T Ú R U F A R V I Ð E Y J A R

Haukur Jóhannesson

Kristbjörn Egilsson

Ævar Petersen

Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg

Reykjavík, ágúst 1988

Ólafur Björnsson

N Á T T Ú R U F A R V I D E Y J A R

Haukur Jóhannesson

Kristbjörn Egilsson

Ævar Petersen

Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg

Reykjavík, ágúst 1988

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR

2 LANDFRÆÐI VIÐEYJAR

- 2.1 Eyjarlýsing
- 2.2 Örnefni

3 JARÐFRÆÐI VIÐEYJAR (Haukur Jóhannesson)

- 3.1 Inngangur
- 3.2 Árkvarteri jarðlagastaflinn
 - 3.2.1 Öskufylling
 - 3.3.2 Innskot
- 3.3 Síðkvarteri jarðlagastaflinn
- 3.4 Laus jarðlög frá lokum ísaldar og nútíma

4 GRÓÐURFAR VIÐEYJAR (Kristbjörn Egilsson)

- 4.1 Yfirlit um gróðurfar
- 4.2 Gróðurfar einstakra svæða
- 4.3 Flóra Viðeyjar

5 DÝRALÍF Í VIÐEY, EINKUM FUGLAR (Ævar Petersen)

- 5.1 Inngangur
- 5.2 Gögn
- 5.3 Dýralíf
 - 5.3.1 Almenn yfirlit um varpfugla
 - 5.3.2 Almenn um fjölda og dreifingu varpfugla
 - 5.3.3 Einstakar varptegundir
 - 5.3.4 Einstök svæði

6 UMHVERFISMÁL

- 6.1 Umgengi
- 6.2 Náttúruvernd

7 ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

8 RITASKRÁ

VIÐAUKI: Flóra Viðeyjar

MYNDASKRÁ

- 1. mynd. Staðhættir og örnefni
- 2. mynd. Jarðfræðikort af Viðey
- 3. mynd. Gróðurkort
- 4. mynd. Gróðurfur einstakra svæða
- 5. mynd. Varpdreifing nokkurra fuglategunda í Viðey
- 6. mynd. Náttúruvernd

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Varpfuglar Viðeyjar og annarra eyja á Kollafirði

VIÐEY

VESTUREY

HEIMAÐEY



1. MYND

STADHÆTTIR OG ÖRNEFNI

0 100 200 300 400 500 m

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu 6. júní 1988 fór Reykjavíkurborg þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands, að hún tæki saman greinargerð um náttúrufar í Viðey, þ.e. jarðfræði, gróðurfar og dýralíf, í tilefni af samkeppni um nýtingu eyjarinnar. Ætlunin er, að þeir sem taka þátt í samkeppninni fái skýrsluna, þannig að þeir geti tekið tillit til náttúrufars eyjarinnar í tillögum sínum.

Með svarbréfi forstöðumanns Náttúrufræðistofnunar, dagsettu 21. júní 1988, tók stofnunin verkið að sér. Þrátt fyrir skamman tíma til undirbúnings, og þó náttúrufræðingar stofnunarinnar væru búnir að ganga frá áætlunum sínum um sumarvinnu, var reynt að hliðra til verkefnum, þar sem stofnunin telur þetta verk mikilvægt og bráðnaudsynlegt.

Skýrsla sú sem hér birtist er árangur stuttra ferða okkar um eyjuna í júní og júlí 1988. Þar sem stuttur tími var til vinnslu þessarar skýrslu, og enn skemmri tími til útvinnu, er ljóst að ýmislegt gæti enn komið í ljós við frekari skoðun, einkum er varðar dýralíf.

Fyrst er stutt eyjarlýsing og síðan kaflar um jarðfræði, gróðurfar og dýralíf (einkum fugla). Síðan er fjallað um umhverfismál almennt, en að lokum settar fram nokkrar tillögur, m.a. um svæði sem við teljum að hafi nokkra sérstöðu. Skýrslunni fylgja kort og ritaskrá.

Þegar menn fara að huga að skipulagi eyjarinnar koma vafalítið upp margar spurningar um náttúrufar. Ekki er hægt að búast við, að þessi skýrsla veiti svör við þeim öllum. Þess vegna er okkur ljúft að svara frekari fyrirspurnum sem fram kunna að koma í þessu sambandi, ef þess gerist þörf.

2 LANDFRÆÐI VIÐEYJAR

2.1 Eyjarlýsing

Viðey er á Kollafirði norðan Seltjarnarness og vestan við Geldinganes. Vestan við hana eru Engey og Akurey, en Þerney og Lundey norðan við hana. Viðey er langstærst þessara eyja, u.þ.b. 1,7 ferkílómetrar að flatarmáli. Lengd hennar er um 3 km en breiðust er hún um 700 m. Segja má, að Viðey skiptist í tvær eyjar er tengjast saman með Eiðinu. Norðvesturhlutinn, sem er minni, kallast Vesturey, en sá stærri, þar sem byggðin var, nefnist Heimaey (1. mynd).

Vesturey er öll lágland, hæsti punktur hennar er aðeins tæpir 19 m y.s. Á Heimaey er öllu meira landslag, þar eru lágur öldur með votlendi í lægðum á milli, en meirihluti eyjarinnar er þó neðan við 16 metra hæðarlínu. Hæst standa Heljarkinn (32 m y.s.), Sjónarhóll (32 m y.s.), Skrauthóll (30 m y.s.), Kvennagönguhólar (30 m y.s.), Eiðishólar nyrðri (22 m y.s.) og Klausturhóll (20 m y.s.).

Á Eiði eru þrjár tjarnir, allar fremur litlar, og kallast þær Stóratjörn, Miðtjörn og Garðatjörn. Á Heimaey miðri er Litlatjörn.

Strönd Viðeyjar er að mestu girt lágum klettum, nema á Eiði, í Sauðanesvör og Áttæringsvör, á Kriusandi og Sundbakka, en þar eru lágur malar- eða sandfjörur.

Landslag er víða fallett í eyinni, og má þar nefna hólana á vestanverðri Heimaey. Einnig má nefna suðurströndina frá Eiði austur að Þórsnesi. Skiptast þar á grunnar víkur með klettanefjum á milli. Klettarnir eru ákaflega formfagrir og breytilegir að gerð.

Elsta byggðin var á Heimaey upp af Bæjarvör, þar sem enn standa Viðeyjarstofa og kirkjan. Á suðausturenda eyjarinnar eru rústir af þorpi sem reist var í upphafi þessarar aldar, ásamt hafnarmannvirkjum, en fór í eyði 1943. Vegur tengir þessar byggðir og liggur hann eftir miðri Heimaey endilangri.

Flotbryggja er nú í Virkisfjöru en nýsteypt bryggja í Bæjarvör. Á Vesturey eru rústir af fjárhúsum og nautahúsum. Mýrarnar næst Viðeyjarstofu hafa verið ræstar með vélaskóflu, en litlir skurðir í mýrunum á Vesturey voru líklega handgrafnir.

2.2 Örnefni

Örnefni eru fengin af örnefnakorti sem unnið var á árunum 1984-1986 af Einari J. Hafberg frá Viðey. Reiknað er með, að lesendur hafi þetta kort til hliðsjónar við lestur skýrslunnar, enda mikið vitnað er til ýmissa örnefna.

3 JARÐFRÆÐI VIÐEYJAR

Haukur Jóhannesson

3.1 Inngangur

Fremur lítið hefur verið skrifað um jarðfræði Viðeyjar. Peacock (1926) rannsakaði jarðfræði eyjarinnar og í skýrslu Staðarvalsnefndar um Innnes er nokkuð fjallað um jarðfræði hennar og einnig er þar yfirlit um jarðfræði Innnesjasvæðisins (Haukur Jóhannesson 1985).

Jarðfræði Viðeyjar er nú nokkuð vel þekkt og er harla merkileg. Jarðlögunum má skipta í þrjá höfuð hópa. Í fyrsta lagi er árkwarter öskjufylling. Í öðru lagi er grágrýtishraun frá seinni hluta kvartertímans. Í þriðja lagi eru laus jarðlög frá ísaldarlokum og nútíma. Hugtakið kwarter er í þessu skrifum notað í víðtækri merkingu, eða yfir það tímabil sem hófst fyrir um 3,1 milljón árum og endaði fyrir um 10.000 árum. Á þessum tíma skiptust á jökulskeið og hlýskeið. Árkvarter nær yfir megin hluta þessa tímabils, eða frá 3,1 milljón árum þar til fyrir um 700.000 til 800.000 árum. Árkvarteru jarðlögin í Viðey munu vera um eða innan við 2ja milljón ára gömul. Á þeim tíma var virk megineldstöð sem kennd er við Viðey, og bera jarðlögin keim af því.

3.2 Árkvarteri jarðlagastafllinn

Suðvesturhluti Heimaeyjar er úr árkwarteru bergi. Einnig Eiðishólar nyrst á Heimaey, Kattarnef og tveir litlir flákar á Vesturey (2. mynd). Þessum jarðlögum má skipta í tvo flokka eftir uppruna. Annars vegar eru hraun, móberg, bólstraberg og brotaberg sem mynduð eru á yfirborði og hins vegar innskotsberg sem storknað hefur djúpt í jörðu en hefur síðar rofnað ofan af.









3.2.1 Öskjufylling


Á meðan Viðeyjareldstöðin var og hét fyrir um 2 milljón árum, myndaðist stór askja eða sigketill ofan í hana miðja. Ekki verður nú með vissu vitað, hve stór hún var, en líkur benda til að hún hafi verið um 7-10 km í þvermál, og liggur Viðey nærri miðju þessarar öskju. Askjan fylltist með tímanum af gosefnum og setlögum uns hún varð barmafyll. Jarðlög sem myndast hafa inni í öskjunni er að finna á þremur stöðum á Innnesjasvæðinu: í Vatnagörðum, Gufunesi og Viðey. Heillegasti stafllinn er í Viðey. Þar ber langmest á móbergi sem að líkindum hefur myndast við gos í öskjuvatni. Auk þess eru a.m.k. tvö kubbabergshraunlög sem myndast hafa við svipuð skilyrði. Móbergið og kubbabergshraunin finnast í Kattarnefi, við Áttæringsvör, í Virkisfjöru og á suðvesturströndinni, frá Hádegishólum að Þórsnesi. Móbergið gengur upp í

2. MYND

JARDFRÆDIKORT AF VIDEY

Skýringar

-  Móberg og kubbabergsraun
-  Siltsteinn
-  Innekotsberg
Gabbro og diabas
-  Grágrýti
-  Landauki frá nútíma
Möl og sandur
-  Gangur
-  Misgengi
-  Strik- og hallstefna



Gangar, misgengi og strik/halli eru teiknuð utan við ströndina.

0 100 200 300 400 500 M

Mylluhól og Kvennagönguhóla og hverfur austar innundir grágrýtisþekjuna. Kubbabergshraunlögin eru inn á milli í móberginu. Neðst í þessum stafla, neðan við Hádegishóla, sést í hnallungaberg sem að líkindum er jökulberg að uppruna. Um 10 m þykkt siltsteinslag leggst ofan á móbergið í Þórsnesi. Siltsteinninn er vatnaset.

3.2.2 Innskot

Innskot eru alláberandi á norðvestanverðri Heimaey. Þau eru afarþykkir keilugangar sem hafa troðist inn í öskjufyllinguna. Langstærsta innskotið er í Eiðishólum og nær það austur í Eiðisbjarg. Næststærst er innskot sem myndar Sjónarhól og Skrauthól. Minni innskot eru í Stuðlunum og Virkinu. Gabbró finnst í tveimur smáhólum í Eiðisbrekku á Vesturey. Fimm gangar sem allir stefna NA-SV finnast á Heimaey. Þrír eru við Eiðisbjarg og tveir eru í Kaplafjöru. Þeir eru 0,5 til 3 m þykkir.

3.3 Síðkvarteri jarðlagastafllinn

Í Viðey er aðeins eitt grágrýtishraun sem telst til þessarar myndunar. Hraunið þekur allan norðaustur hluta Heimaeyjar og nær alla Vesturey. Hraunið er yfirleitt nokkuð grófkornótt, og er efri hluti þess oftast nær dílalaus en er neðar dregur í það fer að bera á stökum ólivín dílum. Á nokkrum stöðum verður vart tilhneigingar til bólstramyndunar sem bendir til að hraunið hafi runnið út í sjó (frekar en vatn). Þykkt hraunsins er mest um 20 m og er það beltaskipt þar sem það er þykkast. Víða er þetta hraun stórstuðlað, einkum á eyjunum austanverðum. Þetta hraun er eitt margra sem þekja Innnes að stórum hluta.

3.4 Laus jarðlög frá lokum ísaldar og nútíma

Laus jarðlög sem myndast hafa í lok síðasta jökulskeiðs og á nútíma eru lítt áberandi þáttur í jarðfræði eyjarinnar. Mest ber á mól og sandi, sem sjór hefur kastað upp. Við Sundbakka er löng sandfjara. Ofan hennar hefur verið vík milli ássins sem vegurinn liggur eftir og Þórsness sem fyllst hefur upp. Eiðið milli Vestureyjar og Heimaeyjar er einnig landauki og hefur sjór borið þar upp mól og hnallunga. Myndanir frá lokum síðasta jökulskeiðs eru fátæklegar. Einkum eru það leirbakkar sem myndast hafa er sjór stóð hærra í ísaldarlok. Í þeim finnast skeljar. Þeir eru mest áberandi ofan við Sandsteinafjöru á Vesturey og ofan við Virkisfjöru á Heimaey.

4 GRÓÐURFAR VIÐEYJAR

Kristbjörn Egilsson

4.1 Yfirlit um gróðurfur

Viðey er öll vel gróin og ástand gróðurs fremur gott. Helstu gróðurlendi eru sýnd á gróðurkortu (3. mynd), þ.e. mýri, ræst mýri, graslendi og ræktað land - tún. Önnur gróðurlendi koma vissulega fyrir, en þau eru það lítil að flatarmáli, að þau koma ekki fram á korti af þessari stærð. Má þar nefna flög, mólendi og strandgróður.

Hér á eftir fer lýsing á helstu gróðurlendum Viðeyjar.


Mýri

Mýrar er að finna um alla eyjuna, sjá 3. mynd. Mýrarnar á Vesturey voru ræstar með mjóum grunnnum skurðum, líklega á fyrrihluta aldarinnar. Þessi gróftur hefur að því best verður séð ekki haft afgerandi áhrif á gróðurfarið. Þarna ríkja gulstör og mýrastör til skiptis, eftir því hversu blautt er, og með þeim vaxa engjarós, höfsóley, klófifa, hengistör, hálmgresi, hrafnaklukka o.fl.

VIÐEY

VESTUREY

HEIMAËY



3. MYND
GRÓÐURKORT

-  Myri
-  Ræst myri
-  Graslendi
-  Ræktað land - tún

0 100 200 300 400 500 m

tegundir. Á þúfnakollum, og þar sem land stendur hærra og er þurrara, vaxa t.d. snarrótarpunktur, túnvingull, klóelfting, brennisóley, túnfíflar, mjadurt og mýrfjóla. Í gömlum mógröfum á þessum slóðum má finna bæði lófót og fergin auk gulstarar.

Votlendið á norðaustanverðri Heimaey liggur í lægðum milli lágra alda. Þessar mýrar hafa ekki verið ræstar. Þarna skiptast á gulstarar-, mýrastarar- og hengistararmýrar. Á þessum slóðum er Stöðulholtsmýri hvað sérstökust og gott dæmi um hvernig ósnortin, fremur blaut, mýri lítur út. Sama er að segja um mýrarnar á suðurhluta Heimaeyjar. Þar eru fremur þurrar mýrastararmýrar, en á milli eru blautari gulstararmýrar. Blautust er Fúamýri.

Vert er að vekja athygli á, að ósnortið votlendi á láglandi við sjó, þ.e. mýrar sem ekki hafa verið ræstar fram eða ofbeittar, eru fágætar í borgarlandinu, og reyndar á öllum Innnesjum. Er það bæði vegna búskaparhátta og þéttar byggðar. Mýrarnar sem hér hefur verið minnst á eru líklega eina samfellda ósnortna votlendið við sjó hér í nágrenninu.

Ræst mýri

Norðan við Viðeyjarstofu var stærsta og blautasta mýrin á eyjunni, svonefnd Mómýri. Hún var líklega ræst með vélgröfu um miðja öldina (skurðirnir eru ekki á loftmyndum sem teknar voru 1946). Þarna hefur verið gróskuleg gulstararmýri og jafnvel flói þar sem blautast var. Við framræsluna hefur vatnsborðið lækkað og votlendisplönturnar hopað niður í skurðina en í staðinn komið einsleitt kargabýfi, vaxið snarrótarpunti, túnvingli, túnsúru, túnfíflum, ilmreyr, klóelftingu, gulmaðra og brennisóley. Í skurðunum dafna hins vegar mýraplönturnar, þ.e. gulstör, mýrastör, hófsóley, mýrelfting, klófifa, hrafnafifa, lófótur, vorbrúða, trefjasóley o.fl. Ræsta mýrin vestan við Kvennagönguhóla er svipuð, nema hvað hún er í meiri halla.

Graslendi

Graslendi er að finna um mestan hluta eyjarinnar. Það er yfirleitt þýft og er snarrótarpunktur áberandi, ásamt túnvingli, ilmreyr og vallarsveifgrasi. Plöntur sem vaxa með grösunum eru einkum brennisóley, túnfíflar, hrafnaklukka, krossmaðra, gulmaðra, túnsúra, kornsúra, klóelfting og vallelfting. Auk þess má víða sjá móta fyrir gömlum túnnum á þeim svæðum sem merkt eru sem graslendi á gróðurkortinu. Þetta er einkum áberandi við fjárhúsa- og nautahúsarústirnar á Vesturey, en einnig nálægt byggðinni sem var austast á Heimaey.

Ræktað land - tún

Hér er einkum um að ræða svæðið næst Viðeyjarstofu og hólana þar umhverfis. Þar er að finna tvennskonar tún. Í fyrsta lagi er nýrækt, þar sem skurðir hafa verið grafnir, landinu bylt og sáð í túngrösum, svo sem háliðagrasi og túnvingli. Í öðru lagi eru harðbalar og hólar sem slegnir hafa verið frá alda öðli, en þar vex meira af hálíngresi, týtulíngresi, ilmreyr o.fl. tegundum. Auk grasa vaxa þarna ýmsar blómplöntur, t.d. gulmaðra, hvítmaðra, krossmaðra, kúmen, brennisóley, kornsúra, túnsúra og maríustakkur. Blágresi og vallhumall eru þarna á litlum blettum en virðast vera að breiðast út. Gróðurinn á þessum gömlu harðbölum er fjölbreyttur og mjög fallegur.

Mólendi

Á flestum hólunum umhverfis Viðeyjarstofu má finna vott af mólendisgróðri þegar grannt er skoðað, og finnast þar því plöntur sem annars eru sjaldgæfar í eyjunni. Í vesturbrekkum Eiðishóla er fjölbreytnin einna mest. Af mólendistegundum sem þar fundust má nefna ljónslappa, geldingahnapp, músareyra, vegarfa, kattartungu, fjallasveifgras, gullmuru, þúfusteinbrjót, lambagras, holurt, brjóstagras, blóðberg, lógresi og sótstör.

Flög

Flög er að finna hér og þar. Sameiginlegt einkenni þeirra allra er að þau eru að gróa upp. Í rökum flögum má finna blómsef, flagahnoðra, augnfró, naflagras, axhæru, skriðlíngresi, vegarfa, mýrasauðlauk, hundasúru o.fl.

Flög eru einnig sumsstaðar í túnnum. Þar vaxa t.d. haugarfi, hjartarfi,

VIÐEY

VESTUREY

HEIMAËY



4. MYND
GRÓÐURFAR EINSTAKRA SVÆÐA

0 100 200 300 400 500 m

lækjadepla, græðisúra, blóðarfi, skriðsóley, vegarfi, varpasveifgras og vallarsveifgras.

Strandgróður

Fjörur eru yfirleitt lítt grónar, enda er fjaran oftast grýtt og undir hömrum nær sjór til um flóð og í brimi. Stærstu fjörunnar eru beggja vegna Eiðisins, við Kríusand og við suðurströnd Heimaeyjar.

Finna má flestar strandplöntur sem vaxa hér á landi í Viðeyjarfjörum, svo sem blálilju, hrímblöðku, fjöruarfa, fjörukál, tágamuru, sjávarfitjung, húsapunt, melgresi og baldursbrá.

Í klettum má finna tegundir sem ekki vaxa annarsstaðar, svo sem sæhvönn, burnirót og skarvakál.

4.2 Gróðurfur einstakra svæða

Hér verður fjallað um gróðurfur Viðeyjar, eins og það var skráð í ferðum um eyjuna 28., 29. og 30. júní 1988. Til hagræðis er eyjunni skipt í fimm svæði (4. mynd).

1. svæði. Vesturey

Spildan frá Kattarnefi að Kattartungu er vaxin graslendi. Þegar vestar kemur, við Hulduhól og Dvergastein, tekur við votlendi. Það er yfirleitt þýft og sundurgrafið af grunnum, mjóum skurðum sem líklega voru grafnir á fyrrihluta aldarinnar. Sumsstaðar er votlendið allblautt og þar ríkir gulstör, en hún er einnig algeng í skurðum, ásamt hófsóley. Annarsstaðar drottnar mýrastör, en þar er landið hærra og aðeins þurrara.

Vestarlega á suðurströndinni stendur lág klettaborg upp úr landinu við sjóinn. Í henni að sunnanverðu, og í fjörunni þar niður af, vex nokkuð af sæhvönn, en þetta er eini staðurinn þar sem hún fannst nú í Viðey.

Votlendið vestast á Vesturey er allt svipað og hér að framan var lýst. Þó má nefna að á nokkrum stöðum milli rústarinnar vestast á eyinni og fjárhúsrústanna eru enn blautari blettir. Þeir eru trúlega gamlar mógrafir, svo sem regluleg ferningslögur þeirra gefur til kynna. Í þeim vaxa m.a. gulstör, lófotur og fergin sem annars er sjaldséð í eyinni.

Við fjárhúsarústirnar stendur landið hærra og um leið breytist gróðurfarið. Í stað votlendis er nú graslendi og umhverfis rústirnar eru leifar af túni. Í húsarústunum má finna tegundir sem fylgja búsetu, t.d. skriðsóley, njóla og haugarfa. Við nautahúsarústirnar virðist einnig hafa verið tún.

Norðan við þetta graslendi eru tveir votlendisflákar. Þarna er um að ræða kargþýft land þar sem mýrastör ríkir í lautum milli þúfna og víða á þúfunum, en þar er snarrótarpuntur einnig áberandi. Tegundasamsetningin segir í raun að hér séu um blandað gróðurlendi að ræða þó það sé hér sett undir mýrlendi.

Á stöku blettum vítt og breitt um Vesturey má sjá móta fyrir flögum, sem áður voru opin en eru nú sem óðast að gróa upp.

Fjaran umhverfis Vesturey er nær öll stórgrýtt og gróðurvana, og lágir klettir girða ströndina að mestu leyti. Í klettunum má sjá ýmsar tegundir sem ekki finnast annarsstaðar, t.d. skarvakál, ólafssúru og sæhvönn sem áður var minnst á.

2. svæði. Eiðið

Svæðið nær frá Eiðisbrekku og Eiðisklettum að vestan að Eiðishólum að austan. Eiðið er fallett og vel gróið, og þar eru hartnær einu tjarnirnar í Viðey.

Eiðisbrekka er grasivaxin, en þar er eini vaxtarstaður friggjargrass sem vitað er um á eyinni. Norðan við hana er hvilft, þar sem vatn safnast fyrir og myndar fallega þýfða mýri sem er nokkuð blaut á köflum. Hún er enn algjörlega

óskemmd. Norðan við hana eru Eiðisklettur, en í þeim og neðan við þá vex fjöldinn allur af plöntutegundum.

Neðan við Eiðiskletta er Stóratjörn. Norðan við hana er sléttur grasbali vaxinn túnvingli, melgresi o.fl. tegundum. Sunnan við tjörnina er leirkenndur jarðvegur sem nær allt að Miðtjörn, en hún er grunn og gróðursnaud. Sjálf Eiðið er grasivaxinn malarkambur, og á honum er Garðstjörn.

Fjaran beggja megin á Eiðinu er lág malar- eða hnullungafjara. Gróður er þar fremur strjáll, en þó má finna flestar íslensku strandtegundirnar á litlu svæði.

3. svæði. Vesturhluti Heimaeyjar

Þetta svæði markast að vestan af vesturströnd Heimaeyjar, Eiðishólum, Mómýri og heldur síðan áfram sunnan við veg allt austur að Kvennagönguholum. Ströndin markar suðurhluta svæðisins (4. mynd).

Eiðishólar nyrðri og syðri og Hjallarnir eru vestast á þessu svæði. Þeir eru allir vel grónir. Í bröttustu brekkunum, einkum þeim sem snúa til vesturs, eru þó hálfgrónar skriður. Þar er að finna margar mólendisplöntur sem annars eru sjaldgæfar á eyinni. Hólakollarnir, slakkarnir milli þeirra og spildur austan við hólana eru þaktir graslendi.

Í rökum flögum á þessum slóðum má finna blómsef, flagahnoðra, belgjastör, augnfró, skriðlíngresi, vegarfa og mýrasauðlauk.

Austan við Eiðishóla nyrðri er Mómýrin. Hér var áður blaut gulstarmýri, líklega sú blautasta á allri eyjunni, sem var ekki ræst fram fyrr en eftir miðja öldina. Við vatnsborðslökkunina hefur gulstörin flutt sig niður í skurðina og er þarna ríkjandi nú. Þar vaxa auk þess ýmsar fleiri votlendistegundir. Hið þurrkaða land er einsleitt kargabýfi vaxið snarrótarpunti og fleiri túnplöntum. Gróðurinn niðri í skurðunum er mun fjölbreyttari en á þurrkaða landinu. Vel mætti huga að því að hækka aftur vatnsborð mýrarinnar þannig að hún fái aftur þann svip sem hún hafði fyrir daga skurðgröfunnar.

Sunnan við mýrina hækkar landið. Þar er gamalt tún vaxið háliðagrasi. Viða í slakkanum má líka sjá gulstör sem minnir á að hér er ætíð nokkuð blautt.

Hjallatún og Pálsvöllur eru austan við Eiðishóla syðri. Þar eru grasigrónir harðbalar. Háliðagras vex þar víða á stangli og minnir á að hér var ræktað tún fyrir ekki ýkja löngu síðan.

Austan og sunnan við þetta graslendi eru Biskupsmýri og Virkisflöt. Þær hafa verið ræstar fram, en framræslan hefur ekki tekist, því þarna er nú blendingur af graslendi og votlendi. Í Biskupsmýri er hnúskótt graslendi, en Virkisflöt er smáþýfðari.

Handan við Virkisflöt er landið hólótt (Virkisflatarhóll, Sjónarhóll og Skrauthóll), og þar er grasivaxinn harðbali. Í fallegum bolla suðvestanvert í Sjónarhól var plantað greni, furu og ösp vorið 1988. Slík framtakssemi telst varla til bóta, því hér er verið að leggja drög að breytingum á gróðurfari og ásýnd eyjarinnar án samráðs við ábyrga aðila, að því best er vitað.

Túnið neðan við Viðeyjarstofu er allblautt, einkum frá brunninum og niður að sjó. Það sést m.a. á því að votlendistegundir, t.d. gulstör, mýrastör og hófsóley, eru þar mjög áberandi innan um tüngrösin. Túnið á þessum slóðum er því viðkvæmt fyrir miklum umgangi.

Hólarnir austur af stofunni eru grasi grónir og þar sem klettur eru í hólunum má finna grávorblóm, blóðberg, holurt, fjallasveifgras, krossmöðru, þufusteinbrjót, axhæru, skarifífil og helluhnoðra.

Sunnan við hólana er láglandi á mjóum kafla niður að klettabelti sem markar fjöruna. Þar eru Hvannabakkar og þar fannst geithvönn, sem nú er óðum að

breiðast út eftir að búfjarbeit var hætt.

Austan við Grjótgarð eystri er Nauthagi. Hann hefur verið ræstur fram. Þar er nú kargabýfi, og eru geithvönn og mjaðurt óðum að breiða úr sér á þessum slóðum.

Austast á þessu svæði eru Kvennagönguhólar og er gróðurfar þeirra svipað og á hólunum sem áður hefur verið lýst.

Á þessu svæði er mestöll fjaran mörkuð af klettabelti. Gróður í fjörunni er yfirleitt lítill, en þó má finna þar flestar íslenskar fjöruplöntur, en í klettunum vex víða mikið af burnirót. Á nokkrum stöðum er gengt í fjöruna og má í því sambandi nefna Sauðhúsavör. Þar er fjaran stórgrýtt og í henni vaxa fjöruplöntur á stangli, en ofar í fjörukambinum er gróðurinn þéttari. Í Áttæringsvör er aftur malarfjara og upp af henni graslendi. Niður í Virkisfjöru er snarbrött brekka sæmilega gróin, en efst í fjörunni er fíngerð mól.

4. svæði. Norðausturhluti Heimaeyjar

Þetta svæði markast af Mómýri að vestan og síðan austur eftir eyjunni til enda. Suðvesturmörkin eru um veginn sem liggur eftir miðri eyjunni endilangri.

Frá Matjurtagarði um Halatún er þýft graslendi. Votamýri er nú hálfþurrt graslendi, en gulstör dafnar þar þó í skurðum. Smalahóll er stórgrýttur en vel gróinn og mest ber á grösum.

Stöðulholtsmýri er fremur blaut og stórbýfð en með sléttum blettum sem eru enn blautari. Mýrin hefur aldrei verið ræst fram, og er hún því gott dæmi um ósnortið votlendi. Ríkjandi tegundir í mýrinni eru mýrastör, gulstör, mýrelfting, engjarós, hálmgresi, hófsóley og horblaðka. Einnig fundust hrafnaklukka, brennisóley, mjaðurt, túnvingull, ilmreyr, kornsúra, lyfjagras, mýrfjóla, vallhæra, túnfífill, mariustakkur, slíðrastör, hvítmaðra og krossmaðra.

Suður af mýrinni er Stöðulhóll sem nú er graslendi og sumsstaðar sunnan við hann sést marka fyrir flögum sem nú eru að mestu gróin.

Austur með ströndinni, allt að eyjarenda, skiptast á votlendi og graslendi. Í votlendinu ber mest á mýrastararmýri og gulstararmýri, en graslendið er allt þýft og er snarrótarpunktur mjög áberandi ásamt túnvingli, ilmreyr og vallarsveifgrasi.

Leifar af túnum eru umhverfis byggðina austast á eyjunni, en þar má enn finna hálíngresi sem er sáðgras í túnum. Þessi tún eru nú komin í það mikla órækt, að á gróðurkortinu falla þau undir graslendi.

Við Litlutjörn, sem er rétt norðan vegar, eru flög sem nú eru gróin upp að hálfu eða meir.

Fjaran meðfram ströndinni er yfirleitt stórgrýtt og lítt gróin og girða klettabelti hana allsstaðar nema austast, þar er lág malarfjara með venjubundnum fjörugróðri á stangli.

5. svæði. Suðausturhluti Heimaeyjar

Þriðja svæðið á Heimaey nær frá Fúamýri í vestri og austur á Sundbakka. Suðurmörk fylgja sjönun en norðurmörk veginum.

Hér skiptast á graslendi og votlendi, eins og norðan vegarins, og er tegundasamsetning svipuð og þar. Á tveimur stöðum, í Fúamýri og við gamla dæluhúsið austast á eyinni, eru mýrarnar þó blautari en gengur og gerist. Blautasti staðurinn í Fúamýrinni, hin eiginlega fúamýri, er í kverkinni upp af Kríusandi vestanverðum og nær niður að fjöru. Þar vaxa gulstör, hófsóley, engjarós, hrafnaklukka, mýrastör, hálmgresi og klófífa. Þarna í fjörukambinum vex lítil ætihvönn, ein örfárna sem vaxa nú á eyjunni, en hvönnin er líklega að nema land á eyinni á ný eftir að beit var hætt.

Fjaran er sumsstaðar girt klettum en annarsstaðar er lág sandfjara, t.d. á Kríusandi. Hún er fremur lítt gróin þó þar megi t.d. finna hrímblöðku, fjörukál og baldursbrá. Ofan við fjöruna er allt að mannhæðarhár moldarbakki. Í kverkinni norðaustan við Þórsnes er breið sandfjara, og þar eru fallegar breiður af fjörukáli.

4.3 Flóra Viðeyjar

Í Viðauka er listi yfir þær tegundir háplantna sem skráðar hafa verið í Viðey. Skráin byggir á flóruлистum frá 1939 (Ingólfur Davíðsson 1939) og frá sumrunum 1984 og 1988.

Í flóruлистanum eru skráðar 156 tegundir háplantna auk ættkvíslar túnfífla. Samkvæmt Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) er talið, að 438 tegundir vaxi villtar á landinu öllu, en þar eru ekki taldir nokkrir ílendir slæðingar. Í Viðey finnst því um þriðjungur íslensku flórunnar, sem er ekki svo lítið, þegar lítið er til þess, að landslag Viðeyjar er fremur einhæft og fáar gerðir gróðurlenda, enda eyjan tiltölulega lítil að flatarmáli miðað við landið í heild.

Hafa þer í huga að listar sem þessi eru sjaldnast tæmandi. Tegundir geta farið framhjá skoðanda, og gönguleiðir eru aldrei svo þéttar að svæðið verði allt fínkemt, ekki síst þegar tími er naumur. Einnig geta tegundir sem áður fundust verið horfnar, m.a. vegna breyttrar landnýtingar. Svo má alltaf vænta nýrra landnema.

Þetta sést ágætlega þegar bornar eru saman þær tegundir sem Ingólfur Davíðsson skráði 1939 við þær tegundir sem fundust nú. Hann fann 125 tegundir en ég 141 tegund. Ingólfur skráði 15 tegundir sem ekki fundust nú en ég 32 tegundir sem hann fann ekki.

Oftast er erfitt að segja með nokkurri vissu hversu algengar tegundir nema athuganasvæðinu sé skipt í reiti og tegundir skráðar innan þeirra. Slík skráning er bæði tímafrek og dýr og því sjaldnast hagkvæm. Þó er ljóst, að tegundir eru misalgengar. Margar finnast víða og flestar eru nokkuð algengar, en nokkuð margar eru sjaldgæfar. Hvað Viðey viðkemur þá eru ýmsar mólendistegundir sjaldgæfar þar, þó þær séu annars algengar á landsvísi. Má í þessu sambandi nefna ljónslappa, geldingahnapp, tungljurt, melablóm, sötstör, hárleggjastör, músareyra, gullmuru, þúfusteinbrjót, hundasúru, mosajafna, lambagras, holurt, blóðberg og lógresi.

Af sjaldgæfum votlendistegundum í Viðey má nefna síkjabrúðu, laugabrúðu, lindadúnurt, blátoppastör, heigulstör, vatnsnarvagras, broddastör og fergin. Þá má nefna að geithvönn, friggjargras, bjúgstör, þistill og vallhumall fundust aðeins á einum stað, þó nokkrir einstaklingar væru af sumum tegundanna á staðnum.

5 DÝRALÍF Í VIÐEY, EINKUM FUGLAR

Ævar Petersen

5.1 Inngangur

Hér verður fyrst og fremst fjallað um varpfugla Viðeyjar. Örlítið er minnst á fuglalíf utan varptíma og seli.

Framsetningu þessarar náttúrufarslýsingar er hagað þannig, að hún nýtist samkeppnisaðilum sem best og því lögð áhersla á að skilgreina eftirtalin atriði: (1) dreifingu fugla á eyjunni, (2) fjölda þeirra og (3) þarfir einstakra fuglategunda.

Umferð og umgengni gesta er eitt af tveimur megin atriðum sem einkum verður að hafa í huga við framtíðarnýtingu Viðeyjar, ef dýralíf á ekki að bíða skaða af. Langflestir gestir munu heimsækja eyjuna yfir sumarmánuðina, nýting hennar sem útivistarsvæðis er þess eðlis. Jafnframt er það viðkvæmasti tími árs hvað fuglalíf snertir. Í þessu sambandi er einnig að hafa í huga umferð manna á sjó við strendur eyjarinnar.

Hitt atriðið er þær varanlegu breytingar sem taldar eru nauðsynlegar í eyjunni, m.a. umrót vegna bygginga, akvega, göngustíga o.s.frv. Þessi seinni þáttur getur ekki einungis haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir það dýralíf sem þrífst í eyjunni á sumrin, heldur einnig þau dýr sem nýta eyjuna á öðrum árstímum og eru hluti af lífríki hennar og umhverfi.

5.2 Gögn

Aðeins ein ferð til Viðeyjar (13. júlí 1988) reyndist möguleg í beinum tengslum við þessa könnun. Beiðnin kom svo seint, að ekki var unnt að kanna dýralífið á hentugasta tíma árs, en það er seinni hluti maí og fyrri hluti júní, og er þá átt við fugla. Þetta er þó breytilegt eftir fuglategundum, og á einna helst við um andfugla (gæsir, endur) og vaðfugla.

Því var óhjákvæmilegt annað en að nota eldri gögn, sem flest voru til á Náttúrufræðistofnun Íslands, en svo heppilegt vildi til, að eyjan hafði verið athuguð sæmilega 13. júní 1984 í tengslum við könnun á náttúrufari Innesja (Ævar Petersen 1985). Þau brotakenndu gögn önnur sem til eru um dýralíf Viðeyjar, og voru til reiðu, eru komin nokkuð til ára sinna. Engin tilraun var gerð til þess að taka þau öll saman.

Ég vil þakka Sigfúsi M. Karlssyni sérstaklega fyrir veittar upplýsingar um æðarvarp.

5.3 Dýralíf

5.3.1 Almennt yfirlit um varpfugla

Fuglafána Viðeyjar er fjölbreytilegust þeirra eyja sem eru á Kollafirði. Tafla 1 gefur yfirlit um fjölda varptegunda í Viðey samanborið við hinar eyjarnar fjórar. Þar eru bornar saman niðurstöður athugana á 8. áratugnum við könnun 1984 (og 1988 í Viðey).

Tafla 1. Varpfuglar Viðeyjar og annarra eyja á Kollafirði. + = varpfugl; () = líklegur varpfugl; - = ekki fundist. Byggt á Töflu 6 í Ávar Petersen (1985) með viðbótum.


Tegund	Viðey			Þerney		Lundey		Engey		Akurey	
	1970-77	1984	1988	1970-73	1984	1970-73(?)	1984	1970-76	1984	1970-76	1984
Fýll	+	+	+	-	-	+	+	-	+	-	-
Grágæs	+	+	+	-	+	-	-	+	+	+	(+)
Stökkönd	+	(+)	+	(+)	+	+	+	+	(+)	+	+
Gargönd	-	(+)	-	-	(+)	-	-	-	-	-	-
Rauðhöfðaönd	+	-	-	-	-	-	-	+	-	-	-
Grafönd	-	(+)	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Duggönd	-	-	-	-	-	+	-	+	-	+	+
Skúfönd	-	-	-	-	(+)	+	-	-	-	+	+
Æðarfugl	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Toppönd	+	-	-	-	-	+	-	+	(+)	+	+
Tjaldur	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Sandlóa	+	-	-	+	-	+	-	+	+	+	-
Heiðlóa	+	+	-	+	-	-	-	+	-	-	-
Hrossagaukur	+	+	+	+	+	+	-	-	+	+	-
Spói	+	+	+	+	+	+	-	+	-	-	-
Jaðrakan	+	-	-	-	+	-	-	-	-	-	-
Stelkur	+	+	+	+	+	+	-	+	+	+	+
Lóupræll	+	+	-	-	+	-	-	-	-	+	-
Óðinshani	+	(+)	(+)	-	(+)	-	-	-	+	-	-
Svartbakur	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	-
Sílamáfur	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	-
Silfurmáfur	+	+	+	-	-	-	-	-	+	-	-
Hettumáfur	+	-	-	+	+	+	-	+	-	+	+
Kría	+	+	+	+	+	+	-	+	+	+	+
Teista	+	(+)	+	+	-	+	+	+	-	+	-
Lundi	-	-	-	-	-	+	+	-	-	+	+
Hrafn	+	+	+	-	-	-	-	-	-	-	-
Steindepill	+	+	-	+	-	-	-	+	-	-	-
Þúfuttlingur	+	+	+	+	-	+	(+)	+	(+)	-	-
Maríuerla	+	+	(+)	-	-	-	-	+	-	-	-
Stari	(+)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Snjótittlingur	+	+	+	+	-	+	-	+	-	-	-
Alls	25+	18+	16+	15+	13+	19	8+	20	12+	17	10+

Úr töflunni mætti e.t.v. lesa, að varptegundum hafi fækkað síðustu 10-15 ár. Á þessu stigi er þó ekki rétt að gera mikið úr þeim mismun sem taflan sýnir. Eldri niðurstöðurnar eru byggðar á mörgum heimsóknum, en 1984 og 1988 var aðeins farið einu sinni, og geta því ýmsar tegundir hafa farið framhjá athugendum. Mun ítarlegri könnun er þörf til að ganga úr skugga um, hvort varptegundum eyjanna á Kollafirði hafi í raun fækkað.

Um 24 tegundir fugla verpa árvisst í Viðey, en þær eru: fýll, grágæs, stökkönd, rauðhöfðaönd, æðarfugl, toppönd, tjaldur, heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur, spói, stelkur, lóupræll, óðinshani, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, kría, teista, þúfuttlingur, maríuerla, hrafn, steindepill og snjótittlingur.

Vitað er um 2 tegundir til viðbótar sem hafa orpið í eyjunni, þótt þær virðast ekki vera reglulegir varpfuglar, þ.e. hettumáfur og jaðrakan.

Þá eru 4 tegundir hugsanlegir varpfuglar: gargönd, grafönd, stormmáfur og



stari.

Í allt gæti varpfuglalisti Viðeyjar talið um 30 tegundir, þótt sumar tegundir séu ekki árvissar. Fleiri tegunda til viðbótar er getið fyrir löngu síðan, t.d. lunda og smyrils.

5.3.2 Almennt um fjölda og dreifingu varpfugla

Langalgengustu varpfuglar Viðeyjar eru nú æðarfugl og sílamáfur, og einu tegundirnar sem telja má í hundruðum para. Næst á eftir fylgja nokkrar tegundir sem hafa tugi varppara, þ.e. fýll, hrossagaukur, svartbakur, kría og þúfutittlingur. Aðrar tegundir virðast telja 10 pör eða færri.

Rétt er að benda mjög eindregið á, að fjöldi og dreifing fugla getur verið miklum breytingum háð milli ára, svo ekki sé talað um á milli áratuga eða enn lengri tíma. Bæði er það, að náttúrulegar sveiflur eru í fuglastofnum (þó mismikið eftir því hvaða tegundir eiga í hlut) og maðurinn veldur ýmsum breytingum, s.s. með skotmennsku eða eyðileggingu á kjörsvæðum fuglanna. Þannig geta breytingar á fuglastofnum í öðrum eyjum í nágrenninu, eða annars staðar á Innnesjum, haft áhrif á fuglafánu Viðeyjar. Því eru athuganir yfir fleiri en eitt ár nauðsynlegar til þess að lýsa samsetningu fuglafánunnar af æskilegri nákvæmni.

5.3.3 Einstakar varptegundir

Árið 1986 var síðast gerð rækileg úttekt á fjölda og dreifingu æðarfugls í Viðey. Er líklegt að ekki hafi miklar breytingar átt sér stað síðan. Varpið er þéttast á eftirtöldum fimm svæðum: (1) Mesta varpið var á austurhluta Heimaeyjar, í mýraflæminu upp af Kríusandi. (2) Gott svæði er einnig á háey austan og norðan við gamla skólann. (3) Næst má nefna brekkurnar austan í Eiðishólum. (4) Þá Eiðið. (5) Að endingu miðja og norðanverða Vesturey ásamt þeim hluta sem hallar niður að Eiðinu. Þar fyrir utan verpa stöku æðarkollur dreift um alla ey.

Æðarvarp er búið að vera í Viðey frá alda öðli og viðfrægt í sinni tíð. Á seinni hluta 18. aldar fengust 40-45 kg af dún á ári og mikið af eggjum. Árið 1914 fengust um 20 kg. Árið 1986 fundust 318 hreiður við skipulega leit, en sá hreiðurfjöldi samsvarar 5-6 kg af dún.

Þrátt fyrir þessa miklu fækkun í Viðey, hefur fjöldi verpandi æðarkolla á svæðinu Kjalarnes - Álftanes verið svipaður frá því í byrjun aldarinnar, þótt dreifing fuglanna sé allt önnur. Stærstu æðarvörpin eru nú í Andriðsey og á Bessastöðum í stað Viðeyjar áður.

Væntingar kunna að vera um að hægt sé að auka æðarvarp í Viðey á ný. Ef slíkt yrði reynt, má telja nokkuð víst, að einhver umtalsverð aukning muni aðeins verða á kostnað annarra varpa á Innnesjasvæðinu.

Heyrst hefur áhugi á að reyna fá æðarkollur til að verpa í þéttu varpi á einum stað. Virðist Eiðið vera einna heillavænlegast til slíks, en þó má draga nokkurn lærdóm af dreifingu æðarfugls eins og hún hefur verið á síðari árum, sbr. það sem að ofan er sagt. Allar ráðstafanir í þá veru að þetta æðarvarpið á einn stað, munu altént taka mörg ár. Áður en slíkt er reynt, er nauðsynlegt að menn geri sér fyllilega grein fyrir hvaða tilgangi slíkt eigi að þjóna og hvaða afleiðingar það hefði fyrir aðra þætti í nýtingu eyjarinnar.

Sílamáfur er tiltölulega nýr landnemi hér á landi en hefur orpið í Viðey a.m.k. síðan 1964. Hann er nú næstalgengasti varpfugl eyjarinnar, um 225 pör 1988, þ.a. um 65 á Vesturey en 160 á Heimaey. Þéttasta varpið er á háeyjunni í grennd við Litlutjörn og á mýrunum austur af Kvennagönguhólum. Varpútbreiðsla sílamáfs er sýnd á 5. mynd. Í heildina hefur varpið svipaða dreifingu og 1984, nema það hefur færst lengra til vesturs á Heimaey, þ.e. vestur Mómýrina,

Hjallatún og Biskupsmyri. Sílamáfar ættu að geta orpið nánast hvar sem er í Viðey.

Verpandi sílamáfum hefur fjölgað mikið, eða úr um 130 pörum 1984. Ástæður þessa virðast einkum vera tvær; (1) í heild fer sílamáfum fjölgandi hér á landi og (2) sílamáfar hafa flutt sig til eyjarinnar frá nærliggjandi svæðum. Einkum mætti nefna í þessu sambandi, að máfar hafa verið skotnir nokkuð í Engey sl. 3 sumur á vegum Hreinsunardeildar Reykjavíkurborgar, auk þess sem máfar voru skotnir í Þerney sumarið 1987. Þetta hefur vafalítið valdið þvílíkri truflun á varpinu, að fuglar hafa flutt sig yfir til Viðeyjar. Annars er ekki fyllilega ljóst, hvaða tilgangi þetta máfadráp hefur átt að þjóna, og því síður hvort einhver árangur hefur orðið.

Á 5. mynd er einnig sýnd varpútbreiðsla svartbaks, en um 25 pör urpu þar 1988. Þetta er fækkun frá 1984, þegar þar urpu um 40 pör. Mest hefur fækkað á Heimaey, þar var aðeins eitt par 1988 miðað við um 20 árið 1984. Á Vesturey var fjöldinn svipaður, um 25 1988 en um 20 1984. Þessar breytingar endurspeglar líklega mun meiri fælni svartbaka en sílamáfa í varpi gagnvart manningnum (og e.t.v. líka, hve mikið svartbakar hafa verið skotnir undanfarin ár). Að öðru leyti gæti mestöll Viðey hentað svartbökkum til varps.

Árið 1988 héldu kríur sig á Eiðishólum syðri. Varp hjá kríum virðist þó hafa verið með eindæmum lélegt sumarið 1988, ekkert komist upp af ungum og meirihluti færst sig niður á Eiðið. Fjöldi fugla í eyjunni var þó svipaður og 1984, eða 20-25 pör.

Árið 1984 var varpið aðeins sunnar (í Biskupsmyri) en 1988. Kríur eru annars ansi dyntóttar og þekktar fyrir það að færa sig á milli svæða án augljósra ástæðna, þótt þær verpi einnig oft ár eftir ár á sama stað. Þannig munu kríur m.a. hafa orpið á Sundbakkasvæðinu og fyrir 6-8 árum í kringum Litlutjörn. Heildarfjöldi þeirra getur einnig breyst mikið á milli ára. Fyrrum er talað um að kríuvarpið í Viðey hafi verið mjög stórt. Kríur eru ekki kresnar á varpkjörlandi, verpa bæði þar sem er blautt og þurrt. Þær ættu þess vegna að geta orpið nánast hvar sem er í eyjunni.

Varpdreifing fýls er sýnd á 5. mynd. Alls fundust um 30 hreiðurskálar, ívið fleiri en 1984, og var um þriðjungur þeirra með eggjum. Fýlar nýta kletta til varps og gætu því orpið víðast hvar með ströndum Viðeyjar.

Fýllinn er frekar nýlegur varpfugl í Viðey; hefur þó orpið þar a.m.k. síðustu 10-15 ár, en líklega ekki 1964. Fýlum á vafalítið eftir að fjölga enn meira, enda er tegundin víðast hvar í sókn hér á landi.

Þúfutittlingur er langalgengasti spörfuglinn og dreifður um alla ey. Fjöldi para er óþekktur, en óhætt er að fullyrða að hann hlaupi á nokkrum tugum.

Hrossagaukur er langalgengasta vaðfuglstegundin. Í Viðey skiptir varpstofninn tugum para sem eru dreifð um alla eyju. Kjörlandi þeirra er fjölbreytilegt og gætu hrossagaukar í raun orpið hvar sem er í eyjunni.

Af teistu gætu verið allt að 10 pör, nær eingöngu á Vesturey (5. mynd). Hún er eingöngu bundin við strandlengjuna og þarf holur og glufur í klettum eða urðum til varps. Vesturey er greinilega mun betur fallin til teistuvarfs en Heimaey.

Næstalgengastu vaðfuglarnir eru tjaldur og spói, u.þ.b. 5 pör hvor tegund, og eru þau dreifð bæði um Vestur- og Heimaey. Tjaldurinn kemur hreiðrinu oftast fyrir í sand- eða malarfjörum, þótt þeir leiti einnig stundum burtu frá ströndinni og verpi í þurrum móm og á melum. Í samræmi við þetta er Eiðið, Sundbakkasvæðið og ýmsar strendur, t.d. Kríusandur og Virkisfjara, hentugar tjaldinum, þótt hann geti einnig orpið á mörgum öðrum stöðum, s.s. á þurru svæðunum austur eftir miðbiki Heimaeyjar.

Spóinn er frekar þurrlendisfugl en verpur þó líka oft í mýrajöðrum. Þeir hafa

sést í svipuðum mæli á Vesturey og á austanverðri Heimaey.

Flestar aðrar árvissar varptegundir eru sárásjaldgæfar, innan við fimm pör hver þeirra, sumar aðeins með eitt. Þó er óvissa með stökköndina, en af þeim gætu auðveldlega verið fleiri pör en fimm. Þessi tegund verpur í votu og þurru landi, oft í mjög nánú sambýli við manninn. Þær þurfa annars skilyrðislaust að dyljast, t.d. í háum gróðri. Fjöldi þeirra er væntanlega talsvert breytilegur milli ára, eins og oft er með endur. Rauðhöfðaönd og toppönd hafa lengi verið viðloðandi í eyjunni, en pörin geta ekki verið nema örfá. Þær dylja hreiður sitt á svipaðan hátt og stökkönd. Mómýri og mýrarnar austan Kvennagönguhóla eru líklega bestu varpsvæðin fyrir endur.

Af öðrum sjaldgæfum tegundum er rétt að benda á: Af grágæs hafa orpið 2-3 pör síðustu ár. Hún er afar mannfælin, og er það líklega ástæða þess, að hún heldur sig einkum á Vesturey með unga sína. Óðinshani er bundinn við tjarnirnar á Eiðinu, örfá pör. Ólíklegt er að hann muni festast í sessi annars staðar í eyjunni, nema vera kunní í Mómýri. Af silfur máfi hafa orpið 1-3 pör síðustu 15 ár eða svo, en hann getur orpið hvar á eyjunni sem er. Oftast mun vera eitt hrafnspar í eyjunni, annað hvort á Vesturey eða Heimaey (5. mynd). Hrafnninn verpur aðeins í klettum, og gjarnan í sömu hreiðrin ár eftir ár. Tvö-þrjú snjótittlingspör eru dreifð eftir suðurströnd Viðeyjar. Hreiðrin eru í smáglufum eða holum, svo ströndin er ákjósanlegust til varps, einkum hlutinn milli Eiðishóla og Eiturkletta.

5.3.4 Einstök svæði

Rétt er að hafa í huga, að fyrir utan land til varps, þurfa fuglar staði til ætisöflunar, hvíldar og böðunar. Þarfir einstakra tegunda eru misjafnar. Hér er fjallað um einstök svæði í Viðey og tínt til það sem helst er vert að benda á í sambandi við fugla og seli.

1. *Vesturhluti Vestureyjar*: Víðáttumikil varplönd fyrir máfa og æðarfugl. Hér er langþéttasta varp svartbaks, einkum nyrst og vestast. Mikið silamáfsvarp Eitt af helstu varpsvæðum æðarfugls. Ýmsir mófuglar, t.d. hrossagaukur, spói og þúfutittlingur, verpa á þessum slóðum. Tjaldur verpur í fjöru. Mesta fýlsvarp í Viðey er í klettunum. Teistan verpur nær eingöngu á strönd þessa svæðis. Grágæsir verpa einungis á þessum slóðum. Hrafnar hafa orpið í klettunum. Ströndin hentar snjótittlingum til varps. Lundi varp hér fyrrum.
2. *Grunnsævið milli Háaskers við Vesturey og Virkisins á Heimaey*: Þetta svæði er greinilega langmikilvægasta grunnsævisvæðið við Viðey til ætisöflunar fyrir æðarfugla. Þarna halda þeir til í hópum með unga sína og þegar þeir eru ófleygir vegna fjaðrafellis. Þetta er líklega helsta svæðið þar sem landselir liggja uppi á landi til hvíldar.
3. *Leira við sunnanvert Eiði*: Helsta leiran við Viðey og sækja vaðfuglar og máfar þangað til fæðuöflunar. Búast má við, að þetta svæði sé talsvert notað vor og haust (þ.e. um fartímann), og jafnvel á veturna.
4. *Eiðisbrekka, Eiðið og Eiðishólar*: Hér eru einu tjarnirnar sem eitthvað kveður að í Viðey. Fuglar laðast að þar sem er ferskvatn, bæði á varptíma og fartíma (vor og haust). Máfar leita á tjarnirnar til að að baða sig, auk þess að verpa í nágrenni þeirra. Æðarfuglar nota tjarnirnar um varptímann, og einn þéttasti hluti æðarvarpsins í Viðey er í grennd við og upp af Stórutjörn. Óðinshannar laðast að þessu svæði, þeir nota sér tjarnirnar til fæðuöflunar og þurrlendið í nágrenninu til varps. Í Viðey virðist þang fyrst og fremst skolast upp á fjörunar norðanvert á Eiðinu, einkum frá Kamsnefi út að Kambi. Þar hrúgast upp rotnandi þang sem þangflugur verpa í, en lirfur þeirra eru þýðingarmikil fæða ýmissa smáfugla, s.s. stara (sem leita þangað frá

Reykjavík), snjótittlinga, þúfutittlinga, mariuerlur, svo og ýmsa vaðfugla, t.d. tildru. Í Eiðisbjargi verpa nokkrir fýlar, snjótittlingar einnig.

5. *Biskupsmyri og Eiðishólar syðri, um Mómýri austur að Norðurklöppum og Grjótgarði eystri*: Eina núverandi kriugarpið er vestast á þessu svæði. Eina svæðið sem stelkur hefur orpið síðari ár. Óðinshana kunna að verpa eitthvað í Mómýri. Sílamáfur hefur nýlega farið að verpa á þessu svæði. Hér finnast hrossagaukar og þúfutittlingar. Líklega helsta varpland anda í Viðey.

6. *Viðeyjarstofa og umhverfi austur að Kvennagönguhólum*: Fuglalíf á þessu svæði er frekar lítið og fábreytt, enda eru hér mestar mannaferðir og tún víðáttumest. Máfar forðast þetta svæði alveg, en eru verpandi um Viðey mestalla að öðru leyti. Helst er að finna þúfutittlinga og hrossagauka, mariuerlur koma heim að húsunum, og vera kann að einstaka stökkönd verpi hér.

7. *Grjótgarður eystri austur undir Sundbakka*: Frekar fábreytt fuglalíf. Talsvert sílamáfsvarp (eins og víðast hvar í Viðey), einkum á þeim helmingi landsins sem er fjærst sjó. Hrossagaukar og þúfutittlingar eru algengir. Stöku aðrir vaðfuglar, t.d. spói og tjaldur.

8. *Sundbakkasvæðið að Þórsnesi*: Fábreytt fuglalíf. Helst er um að ræða algengu tegundirnar þúfutittling og hrossagauk. Sandlóa mun verpa á sléttu malarsvæðunum, e.t.v. ekki þó árlega. Kria hefur einnig orpið þar. Hentug varpsvæði fyrir tjald.

9. *Mýrarflæmin austan Kvennagönguhóla, sunnan vegar, austur undir Sundbakka*: Mjög athyglisvert svæði. Hér er nú þéttasta æðarvarpið í Viðey. Frá Fúamýri og upp undir veg er einnig langþéttasta sílamáfsvarpið í Viðey. Endur laðast líklega til að verpa á þessum slóðum. Góð varpsvæði fyrir vaðfugla, t.d. heiðlóu og spóa, á þurrari svæðunum austast og á miðri ey, en hrossagauk og lóupræl þar sem er votlendara.

10. *Ströndin vestan frá Eiðisbergi að Þórsnesi*: Fyrir utan fugla sem halda til á sjónum við ströndina, verpa hér fýlar, tjaldar, teistur og snjótittlingar. Æðarfugl verpur á bökkunum austast á svæðinu. Það er helst í klettunum á suðurströnd Heimaeyjar sem eru varpskilyrði fyrir hrafn. Vitað er um a.m.k. 3 hrafnslaupa í klettunum rétt vestan Kvennagönguhóla. Æðarfugl leitar talsvert upp í malar- og sandvíkurnar með unga sína.

6 UMHVERFISMÁL

6.1 Umgengni

Ferðir fólks um Viðey hafa verið í lágmarki um langt skeið og hefur gróður og fuglalíf notið þess í ríkum mæli. Gróður er í góðu ásigkomulagi og lítið um landskemmdir. Rusl safnast víða á fjörur, bæði timbur og lausarusl, enda er stutt til Reykjavíkur. Auk þess mætti taka til hendinni víða varðandi leifar frá þeim tímum er búseta var í eyjunni. Þegar þetta er skrifað stendur hreinsun eyjarinnar yfir, og er því útlit fyrir að úr þessu verði bætt á næstunni.

Þrátt fyrir að gróður og dýralíf Viðeyjar líti vel út núna, er víst að slíkt getur breyst fljótt, þegar þangað verður beint fjöldi fólks, nema gerðar verði viðeigandi ráðstafanir, þ.e. lagðir göngustígar á helstu leiðum og meginumferð fólks stýrt að vissu marki. Slíkir göngustígar munu um leið opna eyna fyrir fólki og gera því kleift að njóta náttúrunnar, án þess að ganga of nærri henni. Reynsla af slíkum stígum annarsstaðar sýnir, að yfirgnæfandi meirihluti fólks notar þá og fer lítið út af þeim.

Dæmi eru um staði þar sem gróður hefur traðkast niður þangað sem allir gestir

til eyjarinnar leggja leið sína. Er það lýsandi dæmi um hversu viðkvæmt íslenskt gróðurriki er. Hér er um að ræða brekkuna niður að veitingaskálanum. Hún er nú á nokkuð löngum kafla sem moldarflag eftir ferðir manna og ökutækja. Einnig er gróðurinn næst minnismerkinu um druknaða sjómenn við Sauðhúsavör troðinn niður í svað á kafla. Þetta eru ekki miklar skemmdir ennþá en minna á, að frágangur við staði sem fólki er beint á verður að vera góður.

Nýlega hefur verið unnin landskemmd á suðausturhluta Heimaeyjar. Svo virðist sem ýtu eða einhverri annarri beltisvél hafi verið ekið upp úr fjörunni við Eiturklett. Síðan hefur verið reynt að böðlast upp Fúamýri, sem öllum ætti að vera ljóst fyrirfram að ekki er fær vélum sakir bleytu. Þegar sú ferð tókst ekki var snúið við og ekið eftir grónu landi með ströndinni. Ofan við Þórsnes var vélinni beinlínis beitt á gróið land og það tætt upp á stórri spildu. Þessi sár spilla mjög ásýnd landsins og eiga eftir að sjást um árabil, ef ekkert er að gert.

6.2 Náttúruvernd

Allar eyjarnar á Kollafirði, þar á meðal Viðey, eru á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1988) og hafa verið lengi, sem bendir til að menn hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir sérstæðu náttúrufari þeirra hér rétt við bæjardyr þéttbýlisins. Gera má ráð fyrir, að stór hluti Viðeyjar falla einnig undir minjavernd. Þess vegna er æskilegt að mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir séu í lágmarki og unnar af nærgætni. Rétt er að sýna náttúru eyjarinnar tillitssemi í hvívetna sem henni sæmir sem sögueyjar, m.a. með góðri umgengni.

7 ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Jarðfræði Viðeyjar er að mörgu leyti merkileg og skoðunarverð, bæði fyrir jarðfræðinga og leikmenn. Á eyinni eru mörg markverð jarðfræðileg fyrirbrigði sem auðvelt er að skoða, einkum þó á þeim hluta eyjarinnar sem er úr árkarveru bergi (sjá kafla 3.2). Innskotin eru víða mjög fallega stuðluð og eru stuðlarnir ýmist stórir og lóðréttir eða smærri og sveipóttir. Má þar nefna Eiðisbjarg, Stuðlana, Virkið, Sjónarhól og Skrauthól. Einnig eru grágrýtis-hamrarnir með allri strönd Vestureyjar og á austurströnd Heimaeyjar víða fallegir. Þeir eru oftast en ekki stórstuðlaðir.

Svo sem fram hefur komið fyrr í þessari skýrslu er mikil gróska og fuglalíf um eyjuna hvar sem litið er. Sum svæði eru þó áhugaverðari en önnur hvað þetta snertir.

Á 6. mynd er markað svæði sem lagt er til að fái tvímælalaust að halda sérkennum sínum í framtíðinni. Mörk svæðisins að vestan eru um Eiðisbrekku og Eiðiskletta. Austurmörk eru um Grjótagarð eystri, Söðulholtsmýri, Lönguflöt, austur í Brennuhól, um Stórahól og niður í Þórsnes.

Á þessu svæði er margt forvitnilegt að skoða. Vestan megin eru Eiðisklettur vel grónir og síðan Eiðið með fallegri malarfjöru, þar sem hægt er að finna flestar íslenskar tegundir fjöruplantna. Þarna eru einnig sem næst einu tjarnirnar á eyinni. Eiðishólar og aðrir hólar skarta graslendi á harðbala, og á þeim má auk þess finna fjölbreyttasta mólendisgróðurinn á eyjunni. Norðan við Viðeyjarstofu er Mómýri sem hefur verið ræst fram, en tilvalið væri að hækka vatnsborð hennar aftur, þannig að gróðurinn í henni nái sér í fyrra horf. Rétt austar er Stöðulholtsmýri sem er fallett dæmi um óspillta mýri. Gömlu túnin og grasigrónir hólarirnir með blómskarti beggja megin við Viðeyjarstofu sitja eins og falleg umgjörð utan um stofuna og kirkjuna. Með ströndinni eru fallegir klettur, margir vel grónir burnirót og litlar vikur og sandfjara neðan klettanna.

Á þessu svæði eru þýðingarmestu staðirnir fyrir fugla, s.s. á Eiðinu, með suðurströnd Heimaeyjar og á mýraflæminu austan við Kvennagönguholá.

VIÐEY



6. MYND
NÁTTÚRUVERNÐ

 Athygliverð svæði

0 100 200 300 400 500 m

Lagt er til að þetta svæði fái að halda sínu svipmóti og einkennum í gróðurfari, dýralífi og landslagi. Hér verði t.d. ekki plantað trjám, svo að gestir geti í framtíðinni notið áhrifa staðarins á svipaðan hátt og menn gerðu fyrir á öldum og við getum í dag. Hins vegar er nauðsynlegt að lagðir séu göngustígar á hentugum stöðum, þannig að gestir eigi greiðari aðgang um eyjuna. Nauðsynlegt er að benda á forvitnilega þætti í náttúrunni. Þannig gefst gestum kostur á að sjá hrafnsheiður í návígi. Setja mætti upp kík til að sjá betur fugla og seli, t.d. uppi á Kvennagönguhólum og á Eiðishólum syðri.

Að okkar mati, hlýtur eitt af langtímamarkmiðum í nýtingu Viðeyjar að vera að viðhalda því náttúrufari sem eyjan hefur upp á bjóða eftir því sem frekast er kostur og að henni sé ekki spillt. Lagt er til, að gróður og dýralíf fái að þróast óáreitt eftir eigin lögmálum, en að eyjan geti einnig nýst til útivistar. Rétt er að benda sérstaklega á, að Viðey er óvenjuvel fallin til vettvangs-heimsóknar skólafólks í tengslum við náttúrufræðináms; auk þess að vera við bæjardyr Reykjavíkur, er margt áhugavert að skoða á öllum sviðum náttúrufræði. Í þessu sambandi er æskilegt, að gestir fái að njóta eyjarinnar sem best með því að komist í nána snertingu við óspillta náttúru hennar og að reyna að lesa úr því sem fyrir augu ber. Síðasttalda atriðið má laða fram með skiltum, bæklingum, leiðsögn o.s.frv.

Í stuttu máli er lögð á það áhersla í ofangreindum tillögum, að Viðey fái að halda fjölbreytni í gróðurfari, landslagi og dýralífi. Þannig nýtur hún sín og fólk nýtur hennar best, þessi umgjörð fornar sögu.

Ef byggja á einhver mannvirki færi líklega best á að þau yrðu reist á austurenda Heimaeyjar, þ.e. á Sundbakka, en þar er einnig best aðstaða fyrir fjölmennar útisamkomur, ef slíkt þykir henta.

Við teljum fara vel á því, að nákvæm staðsetning á göngustígum verði valdin með þeim hætti, að landslagsarkitektar, fornleifafræðingar og náttúrufræðingar gangi saman um eyjuna og finni sameiginlega bestu leiðirnar þannig að þær falli sem best í landslagið um leið og þær beini gestum að markverðustu stöðunum án þess að spilla þeim.

8 RITASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1923. Jarðabók 3. bindi. Kaupmannahöfn. 468 bls.

Benedikt Gröndal 1898. Ornithologischer Bericht von Island für die Jahre 1887-88. *Ornis* 9: 85-98.

Einar J. Hafberg 1986. Örnefnakort af Viðey, unnið 1984-1986.

Haukur Jóhannesson 1985. Jarðfræði Innesja. Í: Innes - náttúrufar, minjar og landnýting. Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Reykjavík. 103 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Reykjavík. 306 bls.

Ingólfur Davíðsson 1939. Gróður í Viðey, Engey og Effersey. *Náttúrufr.* 9: 180-182.

Kristbjörn Egilsson (ritstj.) 1985. Innes - náttúrufar, minjar og landnýting. Staðarvalsnefnd. Reykjavík. 103 bls.

Lárus Ág. Gíslason 1982. Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi. Reykjavík, Leiftur h.f. 334 bls.

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands 1973. Drög að náttúruminjaskrá fyrir Suðvesturland. 21 bls.

Náttúruminjaskrá 1988. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Ritstj. Bryndís G. Róbertsdóttir. 5. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 60 bls.

Ólafur Stephensen 1783. Um æðarvarp. Rit þess Íslenska lærdómslistafélags 4: 208-233.

Peacock, M.A. 1926. The geology of Viðey, S.W. Iceland. A record of igneous action in glacial times. Transactions of the Royal Society of Edinburgh 54: 441-465.

Sigurður Stefánsson 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. Búnaðarrit 31: 1-61.

Skarphéðinn Þórisson 1981. Landnám, útbreiðsla og stofnstærð stara á Íslandi. Náttúrufr. 51: 145-163.

Skúli Magnússon 1935-36. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu [1785]. Í: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I. Reykjavík. Bls. 1-196.

Stefán Þorvaldsson 1939. Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna 1855. Í: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík. Bls. 221-240.

Sveinn Pálsson 1945. Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík.

Tutin, T.G., V.H. Heywood, N.A. Burges, D.H. Valentine, S.M. Wallers, og D.A. Webb. 1964-1980. Flora Europaea. Cambridge. I.-V. bindi. 2246 bls.

Þorleifur Einarsson 1974. Jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis. Í: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík í 1100 ár. Reykjavík. Bls. 33-54.

Þorvaldur Björnsson. Fuglalíf í Viðey, Engey, Akurey o.fl. stöðum. Óbirt skýrsla frá 1980. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ævar Petersen 1985. Dýralíf Innnesja. Í: Innnes - náttúrufar, minjar og landnýting. Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Reykjavík. 103 bls.

VIÐAUKI: Flóra Viðeyjar

Í flóru-listanum er tegundunum raðað í stafrófsröð og eru í íslensku heitin á undan þeim latnesku. Íslensku nöfnin eru úr Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986). Um latneskar nafngiftir er að mestu farið eftir Flora Europaea (Tutin o.fl. 1964-1980). Undantekning frá þessu er sú, að Bergþór Jóhannsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, greindi tegundir undafífla (*Hieracium*), en þær hafa enn ekki fengið íslensk nöfn allar.

o skráð af Ingólfi Davíðssyni 1939

x skráð af Kristbírni Egilssyni og Eypóri Einarssyni 1984 og 1988

- o Akurtvítönn *Lamium purpureum* L.
- o x Augnfró *Euphrasia frigida* Pugsł.
- o x Axhæra *Luzula spicata* (L.) Cand.
- o x Baldursbrá *Matricaria maritima* L.
- o Barnaröt *Coelogyllum viride* (L.) Hartm.
- o x Belgjastör *Carex panicea* L.
- x Bjúgstör *Carex maritima* Gunn.
- x Blágresi *Geranium sylvaticum* L.
- o x Blákolla *Prunella vulgaris* L.
- o x Blálilja *Mertensia maritima* (L.) S.Gray
- o x Blásveifgras *Poa glauca* Vahl
- x Blátoppastör *Carex curta* Good.

- o x Blávingull *Festuca vivipara* (L.) Sm.
- o x Blóðarfi *Polygonum aviculare* L.
- o x Blóðberg *Thymus praecox* Opiz
- o x Blómsef *Juncus triglumis* L.
- x Brekkumariustakkur *Alchemilla vulgaris* ssp. *alpestris* (F.W. Schmidt) Camus.
- o x Brennissóley *Ranunculus acris* L.
- o x Brjóstagras *Thalictrum alpinum* L.
- x Broddastör *Carex microglochin* Wahlenb.
- o Brönugrös *Dactylorhiza maculata* (L.) Soo
- x Burnirót *Rhodiola rosea* L.
- o x Engjarós *Potentilla palustris* (L.) Scop.
- x Fergín *Equisetum fluviatile* L.
- o Fjallafoxgras *Phleum alpinum* L.
- x Fjallasveifgras *Poa alpina* L.
- o x Fjöruarfi *Honckenia peploides* (L.)
- o x Fjörukál *Cakile arctica* Pobed.
- o x Flaðahnöðri *Sedum villosum* L.
- o x Flaðasóley *Ranunculus reptans* L.
- o x Friggjargras *Platanthera hyperborea* (L.) Lindl.
- x Geithvönn *Angelica sylvestris* L.
- o x Geldingahnappur *Armeria maritima* (Mill.) Willd.
- o x Gleym-mér-ei *Myosotis arvensis* (L.) Hill
- o x Græðisúra *Plantago major* L.
- o x Grávorblóm *Draba incana* L.
- x Gullmura *Potentilla crantzii* (Crantz) Fritsch
- o Gullvöndur *Gentianella aurea* (L.) H.Sm.
- o x Guðmaðra *Galium verum* L.
- o x Gulstör *Carex lynghyei* Hornem.
- o Hagávorblóm *Draba norvegica* Gunn.
- o x Haugarfi *Stellaria media* (L.) Vill.
- o x Háliðagras *Alopecurus pratensis* L.
- o x Hálíngresi *Agrostis capillaris* L.
- o x Hálmgresi *Calamagrostis stricta* (Timm) Koeler
- o x Hárleggjastör *Carex capillaris* L.
- o x Hásveifgras *Poa trivialis* L.
- x Heigulstör *Carex glareosa* Wahlenb.
- o x Helluhnöðri *Sedum acre* L.
- x Hengistör *Carex rariflora* (Wahlenb.) Sm.
- o x Hjartarfi *Capsella bursa-pastoris* (L.) Medicus
- o x Hlaðkolla *Chamomilla suaveolens* (Pursh) Rydb.
- x Hliðamariustakkur *Alchemilla vulgaris* ssp. *vestita* (Buser) Löve & Löve.
- o x Hnúskakrækil *Sagina nodosa* (L.) Fenzl
- o x Holurt *Silene uniflora* A.Roth
- o x Horblaðka *Menyanthes trifoliata* L.
- o x Hófsóley *Caltha palustris* L.
- o x Hrafnafífa *Eriophorum scheuchzeri* Hoppe
- o x Hrafnaklukka *Cardamine nymanii* Gand.
- o x Hrímblaðka *Atriplex longipes* Drej.
- o x Hrossanál *Juncus arcticus* Willd.
- o Hrutaber *Rubus saxatilis* L.
- o x Hundasúra *Rumex acetosella* L.
- o x Húsapuntur *Elymus repens* (L.) Gould
- o x Hvítmaðra *Galium normanii* O.Dahl
- o x Hvítmári *Trifolium repens* L.
- o x Iimreyr *Anthoxanthum odoratum* L.
- o x Íslandsfífill *Hieracium islandicum* (J.Lange) Dahlst.
- o x Jakobsfífill *Erigeron borealis* (Vierh.) Simm.
- o x Kattartunga *Plantago maritima* L.
- o Kisugras *Myosotis discolor* Pers.
- x Kjarrsveifgras *Poa nemoralis* L.
- x Klappadúnurt *Epilobium collinum* C.C.Gmel.
- o x Klóelfting *Equisetum arvense* L.
- o x Klófífa *Eriophorum angustifolium* Honck.
- o x Knjáliðagras *Alopecurus geniculatus* L.

- o x Kornsúra *Bistorta vivipara* (L.) S.Gray
- o Krossfífill *Senecio vulgaris* L.
- o x Krossmaðra *Galium boreale* L.
- o x Kúmen *Carum carvi* L.
- o x Lambagras *Silene acaulis* (L.) Jacq.
- o x Langkrækill *Sagina saginoides* (L.) Karst.
- o x Laugabrúða *Callitriche stagnalis* Scop.
- o Laugasef *Juncus articulatus* L.
- x Lindadúnurt *Epilobium alsinifolium* Vill.
- o x Lindasef *Juncus ranarius* Song. & Perr.
- o x Ljónslappi *Alchemilla alpina* L.
- o x Lokasjóður *Rhinanthus minor* L.
- o x Lófótur *Hippuris vulgaris* L.
- x Lógresi *Trisetum spicatum* (L.) Richter
- x Lyfjagras *Pinguicula vulgaris* L.
- o x Lækjadepla *Veronica serpyllifolia* L.
- o x Lækjagrýta *Montia fontana* L.
- x Mariústakkur *Alchemilla vulgaris* ssp. *filicaulis* (Buser) Murb.
- o Mariúvöndur *Gentianella campestris* (L.) Boern.
- o Melablóm *Cardaminopsis petraea* (L.) Hiit.
- o x Melur *Leymus arenarius* (L.) Hochst.
- o x Mjaðurt *Filipendula ulmaria* (L.) Maxim.
- o x Mosajafni *Selaginella selaginoides* (L.) Link
- o Móasef *Juncus trifidus* L.
- o x Músareyra *Cerastium alpinum* L.
- o x Mýradúnurt *Epilobium palustre* L.
- o x Mýrafinnungur *Trichophorum caespitosum* (L.) Hartm.
- o x Mýrasauðlaukur *Triglochin palustris* L.
- x Mýrasef *Juncus alpinus* Vill.
- o x Mýrasóley *Parnassia palustris* L.
- o x Mýrastör *Carex nigra* (L.) Reichard
- o x Mýrelfting *Equisetum palustre* L.
- o x Mýrfjóla *Viola palustris* L.
- o x Naflagras *Koenigia islandica* L.
- x Nafnlaus undafífill *Hieracium holopleurum* Dahlst.
- x Nafnlaus undafífill *Hieracium tynnotrichum* Dahlst.
- x Nafnlaus undafífill *Hieracium senex* (Dahlst.) Dahlst.
- o x Njóli *Rumex longifolius* Cand.
- x Reyrgresi *Hierochloa odorata* (L.) Beauv.
- x Síkjabruða *Callitriche hamulata* Koch
- o x Sjávarfitjungur *Puccinellia maritima* (Huds.) Parl.
- o x Skammkrækill *Sagina procumbens* L.
- x Skarvakál *Cochlearia officinalis* L.
- o x Skarifífill *Leontodon autumnalis* L.
- o x Skriðlingresi *Agrostis stolonifera* L.
- o x Skriðsóley *Ranunculus repens* L.
- o x Skurfa *Spergula arvensis* L.
- o Slíðrastör *Carex vaginata* Tausch
- x Smjörgras *Bartsia alpina* L.
- o x Snarrótarpuntur *Deschampsia caespitosa* (L.) Beauv.
- x Sótstör *Carex atrata* L.
- x Spánarkerfill *Myrrhis odorata* (L.) Scop.
- o x Stinnastör *Carex bigelowii* Schwein.
- o x Sæhvönn *Ligusticum scoticum* L.
- o x Tágamura *Potentilla anserina* L.
- o Tjarnastör *Carex rostrata* Stokes
- o x Tófuðgras *Cystopteris fragilis* (L.) Bernh.
- o x Trefjasóley *Ranunculus hyperboreus* Rottb.
- o x Tungljurt *Botrychium lunaria* (L.) Sw.
- o x Túnfíflar *Taraxacum* spp.
- o x Túnsúra *Rumex acetosa* L.
- o x Túningull *Festuca richardsonii* Hook.
- o x Týsfjóla *Viola canina* L.
- o x Týtulingresi *Agrostis vinealis* Schreb.

- o x Umfeðmingsgras *Vicia cracca* L.
- o x Vallarfoxgras *Phleum pratense* L.
- o x Vallarsveifgras *Poa pratensis* L.
- o x Vallelfting *Equisetum pratense* Ehrh.
- o x Vallhæra *Luzula multiflora* (Retz.) Lej.
- o x Vallhumall *Achillea millefolium* L.
- o x Varpafitjungur *Puccinellia distans* (L.) Parl.
- o x Varpasveifgras *Poa annua* L.
- o x Vatnsnarvaðgras *Catabrosa aquatica* (L.) Beauv.
- o x Vegarfi *Cerastium fontanum* Baumg.
- o x Vorbrúða *Callitriche palustris* L.
- o x Ólafssúra *Oxyria digyna* (L.) Hill
- o x Þistill *Cirsium arvense* (L.) Scop.
- o x Þursaskegg *Kobresia myosuroides* (Vill.) Fiori
- o x Þúfusteinbrjótur *Saxifraga caespitosa* L.
- o x Ætihvönn *Angelica archangelica* L.